



Fundargerð

370. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 11. september 2014 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VÞ), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Mór Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð og Jóhann Þórðarson endurskoðandi í síma undir lið 1 á dagskrá.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og spurði eftir öðrum málum á dagskrá. Oddviti leitaði afbrigða að hefja fundinn á máli 1 til afgreiðslu og var það samþykkt. Þá var samþykkt að taka inn tvö mál undir liðinn önnur mál, var það samþykkt samhljóða. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 369. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd 8. september 2014.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

a. 14080101 – Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 11. ágúst.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar varðandi framkvæmdir við Reykhólaskóla samhljóða.

b. 1402022 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir aðalskipulagsbreytinguna ásamt umhverfisskýrslu og að aðalskipulagið verði sent Skipulagsstofnun til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.

c. 1311010 – Deiliskipulagstillögur í Reykhólahreppi, þéttbýlið á Reykhólum, útivistarsvæði og sjávarböð, frístundasvæði í landi Kirkjubóls á Bæjarnesi.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

d. 1408002 – Hafrafell 220107 – umsókn um stofnun lóðar Hafrakot.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

e. 1302028 – Málefni Staðarhafnar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

f. 1409001 – Fornleifarannsóknir í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 200.000,- gegn aðgangi að gögnum í tengslum við vinnu á aðalskipulagi. Styrkurinn er samþykktur sem aukafjárveiting á árinu og lækkar eigið fé Reykhólahrepps sem honum nemur.

g. 1409017 – Viðhald stiga á Reykhólahöfn.

Sveitarstjórn samþykkir viðbótarfé í Reykhólahöfn árið 2014 vegna viðgerðar á öryggisstigum. Gert er ráð fyrir kostnaði að upphæð 500.000 í verkefnið, sem fjármagnað verður af eigin fé hafnarinnar og lækkar það sem fjárhæðinni nemur. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Almennavarna- og brunamálanefnd 9. september 2014.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

a. 1409006 – Umsögn um drög að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða hjá Mannvirkjastofnun.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. Fjallskilaneftnd 19. og 25. ágúst.

Farið yfir fundargerðirnar.

a. 1409008 – Fjallskilaseðill 2014.

Sveitarstjórn samþykkir fjallskilaseðil 2014 samhljóða.

Fundargerðirnar samþykktar í heild sinni.

5. Stjórn Barmahlíðar 9. september 2014.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt. Sveitarstjórn vísar hugmynd um reykkingaskýli við Barmahlíð til skoðunar byggingafulltrúa.

Mál til afgreiðslu

1. 1409018 – Rekstraryfirlit Reykhólahrepps janúar-júní 2014.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi fór yfir lykiltölur úr ársreikningi ársins 2013. Þá fór hann einnig yfir endurskoðunarskýrslu og horfur sveitarfélagsins. Sveitarstjórn þakkar Jóhanni yfirferðina.

Þá var lagt fram rekstraryfirlit vegna fyrstu 6 mánaða ársins 2014.

Rekstur sveitarfélagsins er í takt við gerða áætlun.

2. 1409010 – 59. Fjórðungssþing Vestfirðinga, haldið 3. og 4. október 2014 á Þingeyri.

Fundarboð og dagskrá.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps sækir þingið ásamt sveitarstjóra. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að útbúa kjörbréf sveitarstjórnarmanna.

3. 1409011 – Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 9. og 10. október 2014.

Sveitarstjóri og oddviti sækja ráðstefnuna auk aðalbókara. Samþykkt samhljóða.

4. 1409012 – Ársfundur Náttúrustofu Vestfjarða 2. október 2014.
Fundarboð.

Sveitarstjóri sækir ársfundinn, samþykkt samhljóða.

5. 1404012 – Samþykkt um búfjárhald í Reykhólahreppi.
Athugasemd atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis dagsett 16. maí 2014.

Sveitarstjórn fór yfir athugasemd ráðuneytisins og tekur tillit til hennar. Sveitarstjóra falið ganga frá breytingu til ráðuneytisins. Samþykkt samhljóða.

6. 1409009 – Ósk um flutningsstyrk.
Erindi frá Önnu Björg Ingadóttur dagsett 19. ágúst 2014.

Sveitarstjóra falið að vinna frekar að málinu. Samþykkt samhljóða.

7. 1409013 – Beiðni um styrk.
Erindi frá Olgu Þórunni Gústafsdóttur f.h. stjórnar Eirar, nemendafélags heilbrigðisvísindasviðs við Háskólann á Akureyri, móttekið 5. september 2014.

Sveitarstjórn hafnar erindinu. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

8. 1408014 – Útgáfa á Vestfjarðariti IV.
Undirritaður samningur lagður fram til kynningar.

Lagt fram.

9. 1409014 – Ályktun um varðveislu landbúnaðarlands.
Ályktun frá aðalfundi Samtaka ungra bænda 22. mars 2014, móttekið 4. september 2014.

Lagt fram.

10. 1409015 – Officium ráðgjafafyrirtæki, kynning.
Kynning frá Officium ráðgjafafyrirtæki í einelti og samskiptum á vinnustöðum, dagsett 5. ágúst 2014.

Lagt fram.

11. 1409016 – Sókn Lögmansstofa, kynning.
Kynning á Sókn lögmansstofu, innheimtu og ráðgjöf, dagsett 2. september 2014.

Lagt fram.

12. 1402024 – Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 29. ágúst 2014.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

13. 1409019 – Umsókn um styrk vegna sjálfstyrkingarnámskeiðs fyrir börn á aldrinum 9-16 ára.

Umsókn frá Herdísi Ernu Matthíasdóttur og Kolfinnu Ýri Ingólfssdóttur dagsett 10. september 2014.

Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð 200.000 kr. í sjálfstyrkingarnámskeið en beinir því til bréfitara að skoða þá kosti sem felast í heimabyggð við skipulagningu námskeiðs af þessu tagi. Samþykkt samhljóða.

14. 1207008 – Vestfjarðavegur 60, milli Bjarkalundar og Melaness.

Afrit af svari Skipulagsstofnunar við tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun Vestfjarðavegar 60, milli Bjarkalundar og Melaness, dagsett 9. september 2014.

Farið yfir svar Skipulagsstofnunar þar sem fram kemur að stofnunin hafnar beiðni Vegagerðarinnar. Sveitarstjórn Reykhólahrepps óskar eftir fundi með Skipulagsstofnun og Vegagerðinni þar sem skoðaðir verði þeir kostir sem fram koma í svarbréfinu. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20.45.

_____	_____
_____	_____
_____	_____